

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag í Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ.

Arnarnesvegur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur 7. júlí 2022 og bæjarstjórn Kópavogs 14. júní 2022 tillögu að nýju deiliskipulagi Arnarnesvegar, 3. áfanga. Deiliskipulagstíllagan nær til hluta Arnarnesvegar, nýs 2+2 vegar ásamt tveimur nýjum hringtorgum, frá gatnamótum Arnarnesvegar og Rjúpnavegar að fyrirhuguðum gatnamótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar og veghelgunarsvæða hans sem ná að jafnaði 30 metra út frá miðlínu vegarins. Hluti veghelgunarsvæðis Arnarnesvegar er innan sveitarfélagsmarka Reykjavíkurborgar, en stærsti hluti vegarins liggur innan sveitarfélagsmarka Kópavogsbæjar. Samhliða er gert ráð fyrir stofnstíg, aðskildum hjóla- og göngustíg, frá Rjúpnavegi í Kópavogi og að Elliðaárdal ásamt tengistígum sem og meðfram Breiðholtsbrautinni og undir fyrirhugaða brú yfir Breiðholtsbraut. Jafnframt er gert ráð fyrir göngubrú/vistolki yfir veginn. Arnarnesvegur sem liggur innan marka skipulagssvæðisins er um 1,9 km að lengd og liggur frá suðaustur hluta Leirdals að grænu opnu svæði norðan Breiðholtsbrautar.

Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur og skipulagsfulltrúi Kópavogs, 26. október 2022.

Björn Axelsson.

Auður Dagný Kristinsdóttir.
e.u. **Smári Smáráson.**

B-deild – Útgáfudagur: 28. október 2022